

Alþingi

Erindi nr. 118 / 396

Kirkjubæjarklaustri 7. desember 1994. 1994

Til Menntamálan. Alþingis.

Fræðslunefnd Kirkjubæjarskóla á Síðu, Kirkjubæjarklaustri, hefur á fundi sínum í dag farið yfir Frumvarp til laga um grunnskóla. (Lagt fyrir Alþingi á 118 löggjafarþingi 1994.)

Fræðslunefnd gerir þessar athugasemdir við frumvarpið.

5. grein. Telur hana óþarfa. Ekki ástæða til að veita undanþágur.
6. grein. Fræðslunefnd óttast, að í sambandi við yfirtöku grunnskólans kunni sérfræðipjónustan að verða slök hjá hinum minni sveitafélögum. Þess vegna nauðsyn að þau vinni saman.
12. grein. Mætti kveða fastar að orði um að "stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla."
13. grein. Fræðslunefnd telur, að fulltrúar kennara, skólastjóri og foreldrafulltrúi, sem setu eiga í fræðslunefnd hafi einnig atkvæðisrétt á fræðslunefndarfundum.
18. grein. Bætt verði við greinina, að í sambandi við hönnun skólamannvirkja verði skólastjóri og kennarar hafðir með í ráðum. Með því nýtis enn fagleg þekking.
23. grein. Leggjum mjög mikla áherslu á, að skólastjóri ráði kennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd. Teljum eðlilegt, að í sérhverri stofnun sé það forstöðumaðurinn, sem ráði starfsfólkið.


Annað, sem við viljum taka fram:

Við leggjum eindregið til, að í lögnum verði kveðið á um hámarks nemendafjölda í bekk. Útilokað, að slíkt verði mál hvers sveitarfélags. Þarna þarf lögbundna samræmingu.

Að öðru leyti fögnum við frumvarpinu svo framarlega sem sveitarfélögnum verði tryggt nægilegt fjármagn til að uppfylla skyldur væntanlegra laga. Annars betra heima setið.

Virðingafylls,

f. h. fræðslunefndar Kirkjubæjarskóla


Sigurjón Einarsson
form.